



THE GLOBAL LEADERSHIP SUMMIT

Háskólabíó · 1. & 2. NÓVEMBER

2019



Craig Groeschel

Meðstofnandi og prestur Life.Church kirkjunnar

Craig Groeschel er prestur Life.Church kirkjunnar, framsækinnar kirkju sem heldur samkomur víða í Bandaríkjunum og sendir auk þess samkomur út á netinu. Life.Church er þekkt fyrir áherslu á trúboð og notar til þess nýjustu tækni, þar varð Youversion Biblíuappið til en það má nálgast í öllum löndum heims. Hann hefur verið valinn sem einn af 25 fremstu framkvæmdastjórum Bandaríkjanna (lítil og meðalstór fyrirtæki), bækur hans hafa verið á metsölulista New York Times, hann er vinsæll fyrirlesari í Bandaríkjunum og víða um heim og hlaðvarpi hans, Craig Groeschel Leadership Podcast, er halað niður af yfir einni milljón manna mánaðarlega.



Bear Grylls

Ævintýramaður, rithöfundur, þáttastjórnandi.

Bear Grylls en ævintýramennskan holdi klædd. Hann var í bresku sérsveitinni, hann hefur klifið Everest, sigldi yfir Norður-Íshafið á gúmmíbát og hefur opinberlega mælt með Alfa-námskeiðinu í þeim tilgangi að hvetja fólk á trúargöngu sinni. Sjónvarpsþáttur hans Man Vs Wild var tilnefndur til Emmy-verðlauna og var einn vinsælasti sjónvarpsþáttur í heimi með 1.2 milljarða óhorfenda. Hann stýrir einnig þættinum Running Wild á NBC og áhrifamiklum sjónvarpsþáttum á National Geographic, Netflix og Amazon. Hann er metsölhöfundur og hefur selt yfir 15 milljónir bóka. Þar með talið er sjálfssævisaga hans Mud, Sweat and Tears og á þessu ári kom út ný bók um trú sem heitir Soul Fuel. Bear talar til ráðstefnunnar á myndbandi sem tekið er upp í Svissnesku Ölpunum og talar



DeVon Franklin

Framleiðandi, rithöfundur, fyrirlesari; Forstjóri Franklin Entertainment

DeVon Franklin hefur unnið til verðlauna sem framleiðandi, er metsölhöfundur og árangursþjálfari í andlegum efnum. Beliefnet útnefndi hann sem einn áhrifamesta kristna einstaklinginn undir fertugu. Hann er forstjóri Franklin Entertainment sem er hluti af 20th Century Fox og hefur framleitt myndir sem slegið hafa í gegn, svo sem Miracles from Heaven, Heaven is for Real og The Star. Hann hefur komist á metsölulista New York Times og nýjasta bók hans er The Truth About Men: What Men and Women Need to Know. Franklin hefur einsett sér að nýta leiðtogahlutverk sitt innan fjölmiðlunar til þess að hvetja fólk um allan heim til jákvæðs og uppbyggilegs lífs.



Danielle Strickland

Prestur; Rithöfundur; Réttindabaráttukona

Danielle Strickland hefur stýrt kirkjum, stofnað skóla og komið á fót réttardeildum víða um heim. Í 22 ár var hún foringji í Hjalpræðishernum og er sendiherra samtakanna Stop The Traffik. Hún hefur djúpstæða köllun til að valdefla fólk og umbreyta samfélögum og heiminum öllum, hún var meðstofnandi Infinitem (a way of life), Brave Global, Amplify Peace og the Women Speakers Collective. Strickland hefur skrifað nokkar bækur, þar með talið The Ultimate Exodus.



Liz Bohannon

Meðstofnandi & aðstoðarframkvæmdastjóri, Sseko Designs

Liz Bohannon er stofnandi Sseko Designs, það er félagslega meðvitað tiskufyrirtæki sem vinnur að því að veita konum víða um heim tækifæri til forystu og menntunar. Hún trúir því að fyrirtækjarekstur sé öflugur vettvangur félagslegra umbóta og að stúlkur séu framtíðin. Hún var tilnefnd af Bloomberg Businessweek sem leiðandi félagslegur frumkvöðull og af Forbes sem ein af 20 fremstu fyrirlesurum. Í bók sinni, Beginner's Pluck, sem kom út á GLS ráðstefnunni 2019, notar Bohannon sögu sína til að fjalla um 14 grundvallaratriði, ekki til að finna heldur til að byggja upp líf þar sem maður hefur tilgang, ástríðu og áhrif.



Patrick Lencioni

Metsölhöfundur, Stofnandi og forstjóri The Table Group

Patrick Lencioni er höfundur ellefu metsölubóka og hefur selt yfir fimm milljónir eintaka, þar á meðal er bókinn The Five Dysfunctions of a Team. Hann hefur helgað sig því að veita fyrirtækjum og stofnunum þjónustu, hugmyndir og verkfæri sem efla teymisvinnu, skerpu og virkni starfsmanna. Leiðtogamódel hans er notað af fjölda fyrirtækja, allt frá Fortune 500 fyrirtækjum til atvinnuþróttafélaga og kirkna. Lencioni hefur verið vinsæll ræðumaður á GLS og nú fjallar hann um þær hvarir sem stjórna okkur og hvaða áhrif það hefur á okkur sem leiðtoga.



Dr. Krish Kandiah

Stofnandi, Home for Good; Ráðgjafi; Félagslegur frumkvöðull

Talsmaður fósturbarna og ættleiðinga, Dr Kandiah stofnaði Home for Good, samtök sem vinna að því að finna varanleg ástríku heimili fyrir börn innan fósturkerfisins í Bretlandi. Hann er höfundur 13 bóka og nýjasta bók hans er Faitheism: Why Christians and Atheists have more in common than you think. Hann er reglulega með þætti á BBC og skrifar í the Guardian og Times of London. Hann er alþjóðlegur fyrirlesari og ráðgjafi, hann er skapandi en um leið fræðilegur og vill sjá kerfislegar breytingar, breytta menningu og nýsköpun. Dr. Kandiah og eiginkona hans eiga 7 börn sem þau hafa fætt, ættleitt eða tekið í fóstur.



Jo Saxton

Rithöfundur; Leiðtogabjálfi; Frumkvöðull

Foreldrar hennar voru frá Nígeríu en hún ólst upp í London. Jo Saxton kemur með fjölmennarlegt og alþjóðlegt sjónarhorn inn í leiðtogafæðin. Hún hefur starfað í kirkjum bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum og stofnaði the Ezer Collective, starf sem miðar að því að efla og fjárfesta í konum sem leiðtogum. Saxton er þáttastjórnandi í hlaðvarpinu Lead Stories: Tales of Leadership and Life ásamt Steph O'Brien og hefur skrifað þrjár bækur, þ.a.m. The Dream of You.



Todd Henry

Stofnandi, Accidental Creative; Rithöfundur; Leiðtogaráðgjafi

Todd Henry kennir leiðtogum og samtökum hvernig festa má í sessi venjur sem gera okkur framúrskarandi á hverjum degi. Sem þáttastjórnandi hlaðvarpsins The Accidental Creative Podcast—sem milljónir hlaða niður—gefur hann ráð og hugmyndir varðandi að vera hugmyndaríkur, snjall og heilbrigður. Hann er höfundur fjögurra bóka, þ.a.m. Die Empty sem var tilnefnd af Amazon sem ein besta bók ársins 2013. Nýjasta bók hans, Herding Tigers, Be the Leader that Creative People Need, er hagnýtur leiðarvísir fyrir hvern þann sem vill leiða fólk og teymi inn í skapandi snilld.



Jia Jiang

Metsölhöfundur; Bloggari; Frumkvöðull

Eftir að hafa starfað í viðskiptalífnum árum saman gerðist hann frumkvöðull og komst að raun um hvað það er sem allir óttast mest: höfnun. Til að yfirvinna óttann, lagði Jiang af stað í ferðalag og uppgötvaði heim þar sem fólk er miklu elsकुलेgra en við höldum. Hann er höfundur metsölubókarinnar Rejection Proof, eigandi Rejection Therapy og framkvæmdastjóri Wuju Learning, Jiang kennir fólk og þjálfar fyrirtæki í að sigrast á óttanum við höfnun.



Chris Voss

Fyrirum samningamaður FBI í gíslátökum; Framkvæmdastjóri & stofnandi The Black Swan Group

Chris Voss stofnaði The Black Swan Group, fyrirtæki sem veitir Fortune 500 fyrirtækjum þjálfun og ráðgjöf í flóknum samningaviðræðum. Starfaði í 24 ár hjá FBI, var fremsti samningamaður þeirra í gíslátökumálum, samningamaður í mannrásmálum og fékk þjálfun hjá FBI, Scotland Yard og Harvard Law School. Í bók sinni, Never Split the Difference: Negotiating As If Your Life Depended On It, fjallar Voss um þessar aðferðir þannig að hver sem er geti nýtt þær á vinnustað, í fyrirtækjarekstri eða innan fjölskyldunnar.



Jason Dorsey

Valinn fremsti fyrirlesari aldamóta- og Z-kynslóðarinnar; Rannsakandi

Jason Dorsey er forstjóri The Center for Generational Kinetics, sem býður leiðtogum um allan heim upp á fyrirlestra, rannsóknir og ráðgjöf varðandi kynslóðabil og ranghugmyndir um mismundandi aldurshópa. Teymi hans hefur hjálpað alþjóðlegum fyrirtækjum að höfða til ólíkra aldurshópa þannig að þau hafa náð frábærum árangri bæði við að halda í starfsfólk og ná til viðskiptavina. Álitinn fremsti fyrirlesari um málefni kynslóðanna og í Adweek var hann kallaður "rannsóknagúrú". Rannsóknir hans eru gagnadrifnar og byggðar á frumgögnum og með þeim útskýrir hann kynslóðabundna hegðun.